

Framkvæmdum við göngustíg frestað

Íbúar á Kjalarnesi ósáttir við hæð og legu göngustígs

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkur hefur frestað framkvæmdum við göngu- og hjólastíg neðan við Grundarhverfi á Kjalarnesi. Það leggur áherslu á að ákvarðanir um framhald lagningar stígsins »verði teknar í samráði við Hverfisráð og Íbúasamtök Kjalarness. Þar til sú ákvörðun liggur fyrir hefur framkvæmdum verið frestað,« sagði í tilkynningu sviðsins í gær.

Íbúar sem búa næst fyrirhuguðum göngustíg voru ósáttir við hæð og útlit stígsins og skrifuðu 34 undir mótmæli sem skilað var fyrir í vikunni.



Stígurinn Íbúar við Esjugrund voru óánægðir með hvað stígurinn yrði áberandi og sendu inn mótmæli. Framkvæmdinni hefur nú verið frestað.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda- og eignasviðs, sagði að göngustígur hefði verið teiknaður meðfram ströndinni á þessum slóðum og má sjá hann á deiliskipulagi frá 1998. Þar er ekki tilgreint hvernig stígurinn verði uppbyggður. Orkuveita Reykjavíkur fór síðan í fráveituframkvæmdir á Kjalarnesi og var lagður bráðabirgðavegur meðfram ströndinni þannig að malarlagi var sturtað ofan á tún. Hverfisráð Kjalarness óskaði eftir því í bókun 4. nóvember 2009 að bráðabirgðavegurinn yrði ekki fjarlægður eftir fráveituframkvæmdirnar fyrr en kannað hefði verið hvort nýta mætti hann sem göngustíg. Rætt var um málið á fundi ráðsins 23. september sl. og greint frá óánægju íbúa varðandi stíginn.

Ámundi sagði að framkvæmdasvið hefði ekki verið sérlega ginnkeypt fyrir því að nýta vinnuvegin undir göngustíg. Venjulega sé stígstæðið grafið upp og fyllt í það og stígurinn lagaður að landinu. Þegar verktaki mætti til vinnu við stíggerðina áttuðu íbúar sig á því að bæta þurfti mól í bráðabirgðavegin og hækka hann upp.

Ásgeir Harðarson, formaður Íbúasamtaka Kjalarness, segir að flestir séu óhressir með þá lausn að gera upphækkaðan göngustíg. Með upphækkuninni verði stígurinn svo hár að fólk horfi af honum niður í stofurnar hjá íbúum sem næst búa.

Ásgeir kvaðst vona að malarfyllingin yrði hreinsuð upp og að gerður yrði stígur sem falli vel að landinu. Hann segir að Kjalnesingar vilji fá göngustíga. gudni@mbi.is